

**BORGARRÁÐ 30. júní 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um endurskoðun reglna um sérstakan húsnæðisstuðning - MSS22060233**

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela velferðarráði að endurskoða reglur Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning, í því skyni að hækka tekju- og eignamörk vegna húsnæðisstuðnings um að minnsta kosti 3% í samræmi við nýuppfærðar leiðbeiningar félags og vinnumarkaðsráðuneytisins. Jafnframt verði velferðarráði falið að endurskoða reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, með það að markmiði að hækka fjárhæðir samkvæmt þeim reglum um að minnsta kosti 3% til samræmis við nýlegar breytingar á lögum um almannatryggingar. Enn fremur verði velferðarráði falið að meta með hliðsjón af nýjustu upplýsingum og fylgjast áfram með því hvort hækka þurfi umræddar fjárhæðir enn meira.

**Greinargerð:**

Með lögum nr. 27/2022 um mótvægisáðgerðir vegna verðbólgu sem Alþingi samþykkti 25. maí 2022, voru gerðar breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, þannig að bætur samkvæmt þeim lögum og lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, myndu hækka um 3% frá 1. júní 2022. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið gaf jafnframt út uppfærð tekju- og eignaviðmið í leiðbeiningum ráðherra til sveitarfélaga um framkvæmd sérstakt húsnæðisstuðning til leigjenda, sem voru birt á vef Stjórnarráðsins 23. júní 2022. Lagt er til að velferðarráði verði falið að endurskoða reglur um sérstakan húsnæðisstuðning og fjárhagsaðstoð samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, til að tryggja að fjárhæðir greiðslna samkvæmt þeim reglum hækki að minnsta kosti jafn mikið eða um 3% frá og með 1. júní 2022 og er vonast til að sú hækkun geti komið til framkvæmda sem allra fyrst. Tilfnið er augljóslega ört hækkandi verðbólga sem mælist nú 8,8% og hefur ekki mælst hærrí í meira en áratug. Enn fremur er gert ráð fyrir því að velferðarráð leggi mat á það hvort hækka þurfi umræddar fjárhæðir meira en 3% og fylgjast áfram með þróun mála til að geta brugðist fljótt við ef hún kallar á enn meiri hækkun.